

Aðalfundur GDLH 2022 Haldin þann 28.febrúar 2022 í húsakynnum ÍSÍ í Laugardalnum.

Dagskrá 1. Fundur Settur

-Kjör fundarstjóra og ritara

2. Fundargerð síðasta aðalfundar

3. Skýrsla stjórnar Jón Þorberg Steindórsson

4. Ársreikningar lagðir fram –

5. Skýrslur nefnda – Valdimar M. Ólafsson

6. Lagabreytingar

7. Ákvörðun félagsgjalda

8. Kosning stjórnar

9. Önnur Mál

10. Fundi slitið

1. Jón Þorberg Steindórsson formaður GDLH setur fundinn og býður félaga velkomna. Hann gerir það að tillögu sinni að Erlendur Árnason yrði fundarstjóri og Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari samþykkt af fundarmönnum.

2. Erlendur tekur til starfa og leggur fundargerð síðasta aðalfundar til samþykktar. **Er hún samþykkt.**

3. Jón Þorberg flytur skýrslu stjórnar og fer yfir starf vetrarins og hverjir sátu í stjórn þetta kjörtímabilið.

Stjórn GDLH 2020-2021:

Jón Þorberg Steindórsson Formaður

Reynir Örn Pálmason Varaformaður

Ágúst Hafsteinsson Gjaldkeri

Randi Holaker Ritari

Sigurður Sigurðarson

Varastjórn:

Davíð Jónsson

Jóhann G. Jóhannesson

Varastjórn situr fundi aðalstjórnar.

Á fyrsta fundi stjórnar var skipað í embætti stjórnar og fræðslunefnd.

Fræðslunefnd skipa:

Valdimar Ólafsson Formaður

Sindri Sigurðsson

Stefán Ágústsson

Valur Valsson

Marjolijn Tiepen

Gísli Guðjónsson

Breytingar innan nefndar urðu á tímabilinu, Marjolijn og Gísli báðust lausnar vegna annara verkefna og inn komu Lárus Ástmar Hannesson og Alexandra Montan.

Sagði hann frá fræðslustarfi félagsins sem og úthlutunum dómara á mót hér heima á Íslandi. Stiklað var á stærri mótum ársins, samstarfi erlendis, sóknarfærum og hugleiðingum stjórnar. Skýrslu stjórnar má finna í heild sinni inná heimasíðu og feisbooksíðu félagsins.

4. Ágúst Hafsteinsson fer yfir ársreikninga ársins 2020-21. Staða félagsins er góð og tekjur hafa komið inn af námskeiðum. Hagnaður ársins er 662.330 krónur. Eigið fé og skuldir samtals 1.710.206 krónur.

Reikningar ársins samþykktir einhljóða.

5. Valdimar M. Ólafsson formaður fræðslunefndar flytur skýrslu hennar.

Tóku 97 dómara átt í samhæfingu, erlendir 42 og 55 íslenskir. 104 samtals virkir dómara. Sýndi samantekt á upprifun dómara og fór yfir gangtegundir og meðaltal úr upprifjun.

Lýsti yfir áhyggjum sínum á meðaltali á skeiði, var frekar lág.

Talar líka um að það væri vert að hugsa um að gera tölt einkunn einfalda í vægi í Aflokk , til að einblína á hreinleika gangtegundirnar skeiðs.

Er búin að taka saman flest mót síðasta sumars og skoðað hverja gangtegund fyrir sig og mun kynna það á upprifjun í næstu viku.

Umræða: Rætt um hvort það hefði breytt einhverju á FM ef tölteinkunn væri einföld. Valdi ætlaði að skoða.

6. Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinum.

7. Félagsgjöldin eru 3000 krónur og lagt er til að þau séu óbreytt. Samþykkt.

8. Kosning til stjórnar.

Ekki er kosið um Sigurð Sigurðarson og Reynir Örn Pálmason

Kosning formanns fyrst, Jón Þorberg gefur áfram kost á sér og er samþykkt með lófataki.

Ágúst gefur kost á sér áfram en Randi stígur til hliðar. Reynir Atli bíður sig fram í aðalstjórn. Það samþykkt með lófataki.

Kosið er í varastjórn, Davíð gefur kost á sér, Jóhann Garðar og Ingi Björn Leifsson. Kosið með skriflegri kosningu á milli þeirra. Tveir fara áfram.

Kosning fór þannig að Ingi Björn og Davíð voru kosnir inní varastjórn.

og Ólöf Guðmundsdóttir skoðunarmaður reikninga.

Stjórn GDLH starfsárið 2021-2022 Jón Þorberg formaður til eins árs

Ágúst Hafsteinsson til tveggja ára

Reynir Atli Jónsson til tveggja ára

Sigurður Sigurðarson

Reynir Örn Pálmason

Varastjórn:

Davíð Jónsson

Ingi Björn Leifsson

9. Önnur mál

Guðni Halldórsson formaður LH tók til máls. Kom á fundinn til að kynna sér starfsemi félagsins. Talar um að vilja auka samskipti milli LH og GDLH. Sagði frá umsóknum félaga vegna ferðakostnaðar dómara, þau félög sem sóttu um í sjóðinn fengu úr honum. Guðni talar

um að hann sé mikill áhugamaður um gæðingakeppnina , sé fjöregg reiðmennskunnar og íslenskrar reiðhefðar.

Ein af sýn Guðna er að það verði starfsmaður hjá LH sem haldi utan um mótamál hér á Íslandi.

Sigurbjörn Bárðarson tekur til máls. Tekur upp samræður vegna launa dómara, að laun gæðingadómara séu ekki í takt við laun dómara HÍDÍ. Sér ekki mun á þessum dómstörfum, þurfa að vera meira í samfloti með launin. Virkar ekki hvetjandi á dómara þegar þetta er svona. Leggur til að þessi mál verði skoðuð.

Einnig talaði Sigurbjörn um gæðingakeppnina almennt, að hún væri á hröðu undanhaldi. Að á sumum mótum hafi verið helmings afföll í vissum flokkum og veltir því upp af hverju það er. Vill ekki kenna covid um þar sem íþróttakeppnin hafi blómstrað á þessum tímum.

Jón Þorberg formaður GDLH tekur til máls og svarar fyrirspurn Sigurbjarnar. Er sammála honum hvað launin varðar og ekki fylgt HÍDÍ og var líka sammála um að þátttaka á mótum væri ekki mikil. Talaði um að GDLH þyrfti að hækka tímagjaldið og það væri tillaga stjórnar að hækka það í 4.000 kr auk 50 kr á hvern km.

Þórir Örn leggur til 4.500 kr .

Ágúst Hafsteinsson gjaldkeri GDLH tekur til máls og talar um að sá tími íþróttakeppninnar sé farin að taka tíma gæðingakeppninnar. Reykjavíkurmót hafi verið á tíma þar sem tími margra gæðingakeppna er vanalega.

Þórir Örn tekur til máls og segir að flest íþróttamótin hafi verið í maí og þess vegna var Reykjavíkurmótið fært í júní. Segir jafnframt að það þurfi að tala meira saman þegar mótin eru ákveðin.

Sigurður Ævarsson tekur til máls og segir að við ættum ekki að tala um að Reykjavíkurmótið sé að eyðileggja fyrir gæðingakeppninni, af hverju það mætti gæðingakeppni ekki vera á öðru tíma. Talar um að það sé hrikalegt að tapa gæðingakeppninni, það séu mikil afföll í öllum flokkum, sérstaklega barnaflokki.

Einnig minnst hanna á að honum finnist of mikill tími hjá stjórn fari í bréfaskriftir og leiðindi, að einblína meira á keppnina og huga að því að taka til í garðinum okkar.

Ágúst Hafsteinsson tekur til máls og talar um að við séum kannski föst í viðjum vanans hvað varðar tímasetningu gæðingamóta. Segir líka að það þurfi að vera meiri samvinna um mótadaga. Talar um að það séu miklar áhyggjur innan stjórnar af gæðingakeppninni og að við þurfum hjálp og styrk til að halda boðskap og keppninni á lofti.

Jón Þorberg tekur til máls og tekur undir allar þær áhyggjur hvað varða gæðingakeppnina. Hvað varðar stjórn GDLH og bréfaskriftir, þá segist hann standa við það sem hann skrifar. Minnst á reglupakka sem gleymdist heilt þing árið 2012.

Guðni formaður LH segir að þetta sé nýkomið upp að þessi reglupakki hafi gleymst.

Logi Laxdal tekur til máls og segir að gæðingakeppnin þurfi að fara snúa vörn í sókn og segir að það sé lítill áhugi erlendis á hestum fyrir gæðingakeppni. Talar um að það þurfi að stofna nefnd til að breyta keppninni, margir hræddir við t.d. stökk og hraðann í keppninni. Þarf að fjölga mótum, fá mót miðað við íþróttamótin.

Jón Þorberg tekur undir orð Loga og segir að það mætti skoða þetta með stökkið.

Segir einnig frá þeim mótaraðum í gæðingakeppni sem hafa verið í gangi.

- Mótarað í Borganesi
- Mótarað í Skagafirði
- Sprettur með mótarað fyrir yngri flokka
- Mótarað hjá Þyt

Mótaraðir og mót eru fyrst og fremst í höndum hestamannafélagana segir Jón Þorberg og talar um að mörgum finnst innanhúsmót í gæðingakeppni skemmtileg og öðruvísi.

Erlendur Árnason tekur til máls og leggur til að tímakaup gæðingadómara verði 4.500 kr á tímann og 50 kr fyrir hvern ekinn km (er breytingartillaga, stjórn lagði til 4.000 kr).

Breytingartillagan var samþykkt.